

SVANSVOTTAÐAR NÝBYGGINGAR



UMHVERFIS
STOFNUN

ALMENNT

Umhverfisstofnun heldur utan um Svaninn sem er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og uppfyllir ISO 14024 staðalinn. Til að vara eða þjónusta geti hlotið Svansvottun verður Norræni Svanurinn að hafa þróað kröfur fyrir viðkomandi vöru- eða þjónustuflokk. Viðmið Svansins fyrir nýbyggingar voru tekin í notkun 2003 en vottunin byggist á tilteknum fjölda skyldukrafna ásamt stigakerfi þar sem þarf að ná lágmarksfjölda stiga til að hljóta vottunina. Ekki eru gefnar einkunnir líkt og í öðrum vottunarkerfum sem þekkjast hérlandis. Ef byggingin stenst allar skyldukröfur, þ.m.t. lágmarks fjölda stiga telst hún Svansvottuð.

Þær tegundir bygginga sem falla undir viðmið Svansins:


- Einbýlis-, þar- og raðhús
- Fjölbýlishús
- Leik- og grunnskólabyggingar
- Þjónustuíbúðir fyrir aldraða
- Sumarbústaðir



LÍFSFERILSNÁLGUN

Lífsferilsnálgun er notuð í viðmiðaðpróun Svansins og eru Svansvottaðar byggingar metnar út frá þeim þáttum sem eru viðamestir:

- strangar kröfur um innihald skaðlegra efna í bygginga- og efnavöru,
- tryggja góða innivist með góðri loftræstingu og hljóðvist,
- byggingin sé með hagkvæma orkunotkun með áherslu á orkusparnað,
- tryggja gæðastjórnun í byggingarferlinu,
- gerð rekstrar- og viðhaldsáætlunar fyrir líftíma byggingarinnar.



AFHVERJU AÐ VELJA SVANSVOTTUN FYRIR NÝBYGGINGAR?

Mikil umhverfisáhrif fylgja byggingargeiranum, en í Svansvottun húsnæðis er markvisst unnið að því að minnka umhverfisáhrif framkvæmdanna, meðal annars með kröfum um lága orkunotkun hússins og ríka áherslu á öruggari og umhverfisvænni efni. Losun efna úr mismunandi byggingarefnum og hlutum er almennt vanmetin og skipta gæði innivistar miklu máli fyrir almenning sem ver um 90% af tíma sínum innandyra. Þannig felast mörg tækifæri í því að taka tillit til umhverfisþátta strax við hönnun bygginga.

Meginmarkmið Svansvottunar er að draga úr umhverfisáhrifum bygginga, sporna við hnattrænni hlýnun og vernda heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdartíma sem og þeirra sem nota bygginguna eftir að hún er tekin í notkun. Kröfurnar ná einnig til gæðastjórnunar á verkstað, en skýr stýring á umhverfisþáttum og gæðastjórnun helst oft í hendur.

FYRSTU SKREFIN

- Mikilvægt er að ráðfæra sig við Svaninn á Íslandi ef stefnt er að því að byggja Svansvottaða byggingu þar sem gerðar eru kröfur strax á hönnunarstigi sem hafa til dæmis áhrif á hljóðvist, dagsljós og orkunotkun.
- Svanurinn setur strangar kröfur til alls byggingarferlisins þar sem m.a. er hugað að þéttleika bygginganna. Að auki er rík áhersla á rakaforvarnir og loftræstingu til að tryggja gæði byggingarinnar.
- Í viðmiðunum er auk þess lögð áhersla á flokkun úrgangs, bæði á byggingartíma og eftir að byggingin er tekin í notkun.

YFIR HVAD NÆR VOTTUNIN?

Vottunin nær yfir bygginguna sjálfa og varanlegar viðbyggingar tengdar verkefninu og markaðssettar sem Svansvottaðar. Mörk vottunarinnar miðast við botnplötu byggingar og ná yfir allt innra byrði, allt til ysta lags byggingarinnar. Jarðvegurinn undir botnplötunni, inntök, skólpleiðslur að ræsi og dren eru undanskilin viðmiðunum. Ef vörur eða byggingahlutar eru samsettir annarsstaðar en á byggingarstað gilda sömu reglur um þá smíði/það efni og ef smíðað væri á staðnum.

EFNAKRÖFUR

Vörulisti
Efnavörur
Kröfur fyrir byggingarefni

ORKUNÝTNI

Orkunýtni byggingarinnar
Raftæki
Úrgangur

ALMENNAR KRÖFUR

Hönnunarforsendur og ábyrgð

INNIVIST

Rakavarnir
Lofræsting
Dagsljós

GÆÐAKRÖFUR

Verkferlar og innra eftirlit
Upplýsingar og samskipti
Fræðsla

KRÖFUR UM BYGGINGA- OG EFNAVÖRU

Þær vörur sem eru umhverfisvottaðar eru sjálfkrafa samþykktar í bygginguna, en aðrar byggingar- og efnavörur þurfa að uppfylla lágmarkskröfur, sem krefst gagnasöfnunar og samþykkis starfsmanna Svansins.

Gott úrval er af umhverfisvottuðu byggingarefni hérlendis sem uppfyllir jafnframt strangar kröfur Svansins um innihald og gæði. Þar má meðal annars nefna gólfefni, -undirlag og -lista, bygginga-plötur, glugga, málningu, flot, sparsl og margt fleira.

Í viðmiðum Svansins fyrir byggingar eru einnig kröfur varðandi timburtegundir þar sem takmarkanir eru á því hvaða trjátegundir eru samþykktar og er krafist FSC eða PEFC upprunavottunar svo tryggja megi að hráefnið komi úr sjálfbærri skógrækt.

RÍK ÁHERSLA Á VOTTADAR VÖRUR



INNIVIST

Rannsóknir hafa sýnt fram á að umhverfissvottaðir skólar séu með merkjanlega lægra magn af óæskilegum efnum í innlofti en aðrar sambærilegar byggingar. Þessar niðurstöður mætti yfirfæra á allar nýbyggingar. Í skólabyggingum eru einnig settar sérstakar kröfur til að bæta hljóðvist. Í viðmiðunum er einnig rík áhersla á rakaforvarnir, en raki og mygla er víðtækt vandamál héraendis og eru rakaforvarnir og rakavarnarplan mikilvæg til að tryggja gæði bygginga. Börn eru viðkvæmur hópur og því getur Svansvottun verið gott verkfæri til að tryggja að umhverfi þeirra sé eins heilsusamlegt og hægt er.

LEYFISHAFAR SVANSVOTTUNAR

Þegar kemur að umhverfissvottuðum byggingum er æskilegast að sá aðili sem fer með umboð vottunarinnar og gengst í ábyrgð fyrir vottunina sé verktaki, eigandi eða annar aðili sem getur tekið fulla ábyrgð á öllu byggingar- og vottunarferlinu. Þeir sem hlotið hafa vottunina geta nýtt sér hana í markaðssetningu. Svansmerkið er hagkvæm og einföld leið til að sýna að byggingaraðili setur umhverfismál á oddinn.



<http://www.svanurinn.is>



UMHVERFIS
STOFNUN